

Breytingartillaga vegna texta í áfangaskjali¹

með skýringum

frá Dögg Harðardóttur

Lagt fram á 16. fundi Stjórnlagaráðs, 12.7.2011

Heiti kafla

Kafla um kosningar og alþingismenn

Breytingartillaga	Ákvæði eftir breytingu ²	Ákvæði í áfangaskjali/fyrirliggjandi tillögu
Nýtt ákvæði: Auðir kjörseðlar kjósenda vegi jafnt á við önnur atkvæði og valdi auðum stólum á Alþingi.	Auðir kjörseðlar kjósenda vegi jafnt á við önnur atkvæði og valdi auðum stólum á Alþingi.	

Skýring:

Kjósendur sem lýsa vilja yfir óánægju sinni með frambjóðendum með því að skila auðum kjörseðli hafa sama vald og þeir sem mæta ekki á kjörstað. Atkvæði þeirra hefur ekkert vægi. Full ástæða er til að virða skoðun þeirra sem skila auðu með auðum þingsætum sem atkvæðum þeirra nemur.

¹ Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

² Grænt letur og undirstrikað gefur til kynna breytingu eða viðbót miðað við fyrirliggjandi texta.